

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi í Fjallabyggð.

Flæðar í Ólafsfirði.

Bæjarstjórn Fjallabyggðar samþykkti 29. október 2024 nýtt deiliskipulag Flæða í Ólafsfirði.

Á 315. fundi skipulags- og umhverfisnefndar var lögð fram breyting á deiliskipulagi Flæða í Ólafsfirði sem auglýst var skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með athugasemdafresti frá 19. ágúst 2024 til 4. október 2024 samhliða breytingu á aðalskipulagi.

Umsögn barst frá Minjastofnun Íslands sem gerði ekki athugasemdir við breytinguna.

Með breytingu á deiliskipulagi Flæða er verið að bjóða upp á fjölbreyttari húsagerðir á svæðinu en gert er ráð fyrir í gildandi deiliskipulagi, þar sem aðeins er gert ráð fyrir einbýlishúsum á nýjum lóðum á svæðinu. Sú breyting er gerð að í stað fjögurra lóða fyrir einbýlishús við Ægisbyggð 7 og Mararbyggð 14, 16 og 18, verða á svæðinu þrjár lóðir fyrir parhús á einni hæð ásamt sambyggðum bílgeymslum. Einnig er bætt við lóð fyrir fimm íbúða raðhús ásamt sambyggðum bílgeymslum á óbyggðu svæði sunnan raðhúsalóða við Bylgjubbyggð 13-25 og 27-35.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Fjallabyggð, 30. janúar 2025.

Pálmi Blængsson,
verkefnastjóri skipulags- og umhverfissviðs.

B-deild – Útgáfudagur: 12. febrúar 2025